

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar vegna Fannborgarreits og Traðarreits vestur.

Skipulagsstofnun staðfesti 24. september 2021 breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. maí 2021.

Í breytingunni felst mótun stefnu um þróunarsvæði ÞR-7 sem nær til Fannborgarreits, sem er hluti miðsvæðis M-1 (reitur B1-1, sbr. hverfareiti) og Traðarreits vestur, sem er hluti íbúðarsvæðis ÍB-2, Digranes (reitur B4, sbr. hverfareiti). Landnotkun verður óbreytt en með breytingunni er byggingarmagn aukið og íbúðum fjölgað.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 24. september 2021.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2021